

## Hverfisráð Hríseyjar

34. fundur

Þriðjudaginn 2. júní '09 kl.18.00 var 34. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein. Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson. Formaður setti fundinn

### Dagskrá:

- Skipulag umhverfisdags 20.júní 2009**  
Ákveðið að byrja daginn kl. 9:45 og bjóða upp á vagnferð – frítt í sund og ferju. Útplöntun og fuglaskoðun með leiðsögn.  
Auglýst í Dagskránni vikunni áður.
- Kartöflugeymslan**  
Vilji er fyrir því hjá eyjarskeggjum að láta lagfæra kartöflugeymsluna og eru ýmsar hugmyndir á lofti varðandi það. Kristinn tekur að sér að kanna hvernig hagkvæmast sé að standa að þessari lagfæringu.
- Önnur mál**  
Rætt um fyrirhugað skyndihjálparnámskeið og tímasetningu á því og sjúkraflutninga innan eyjar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50

Linda María Ásgeirsdóttir  
Kristinn Fr. Árnason  
Hjördís Ýrr Skúladóttir  
Guðrún Þorbjarnardóttir  
Víðir Björnsson

Fundargerð rituð af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur